

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 17. mars 2021 haldinn 391. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:35. Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Omar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 8. mars 2021 þar sem vísað er til umsagnar samstarfsnefndarinnar bókanir frá bæjarráðum Seltjarnarness og Kópavogs um framkvæmdir á skíðasvæðum.
Málið rætt og samþykkt að funda með Skíðaráði Reykjavíkur.
2. Áframhaldandi umræður um fjárfestingaráætlun.
Fjárfestingaráætlun fyrir árið 2021 samþykkt.
- kl. 09:45 vék sviðsstjóri ÍTR af fundi.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. mars 2021 um stöðuna í fjöllunum. 49 daga hafa verið lögð gönguspor, 44 daga opið fyrir æfingar í lyftum og 19 dagar opið fyrir almenning. Grímuskylða gesta hefur verið afnumin utandyra. Öll kortasala hefur færst yfir á netið. Ekki hefur verið opnað í Skálafelli vegna snjóleysis.
4. Lögð fram drög að rekstrarniðurstöðu skíðasvæðanna 2020.
5. Framkvæmdastjóri upplýsti um fund sem haldinn var með formanni skíðaráðs Reykjavíkur og formanni Ullunga.

Fundi slitið kl. 10:15.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger

fsk. með fundargerð
Bréf SSH dags. 8. mars 2021
Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. mars 2021
Drög að rekstrarniðurstöður skíðasvæðanna 2020